



## Fundargerð

**50. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum.,  
Miðvikudaginn 18. mars 2026, kl. 08:30.**

### Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir, Valtýr Valtýsson og Guðmundur Einarsson.

**Fundargerð ritaði:** Guðmundur Einarsson, skrifstofustjóri.

### 1. Fulltrúar Íslenskrar Gagnavinnslu mæta á fund hreppsnefndar - 2603002

Fulltrúar Íslenskrar Gagnavinnslu, þær Anna Jonna Ármannsdóttir og Krista Hannesdóttir mæta á fund hreppsnefndar, undir þessum dagskrárlið, þar sem þær óska eftir afstöðu hreppsnefndar til sólarzelluverkefnis að Lindarbæ.

*Hreppsnefnd Ásahrepps átti gott samtal við fulltrúa Íslenskra Gagnavinnslu. Þær gerðu grein fyrir afstöðu sinni til landnýtingar.*

Anna Jonna Ármannsdóttir og Krista Hannesdóttir véku af fundi.

### 2. Fundargerð 320. fundar skipulagsnefndar UTU - 2603019

Lögð fram fundargerð 320. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 26-244.

#### Mál 1.

*Lindarbær 1A L165304; Sólarcellur 8 kW; Framkvæmdarleyfi - 2602060.*

*Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Lindarbæjar 1A, L165304, í Ásahrepp. Í framkvæmdinni felst uppsetning sólarcella til eigin afnota, neðarlega við svokallaða Horbrún. Orkuvinnsla er 8 kW og flatarmál 300 fermetrar.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu úr grenndarkynningu.*

#### Mál 2.

*Ferjufit, breyting efnismagn; Nr. 1556-2025; Umsagnarbeiðni - 2511056*

*Lögð er fram til umsagnar breyting á aðalskipulagi Rangárþings Ytra 2016-2028. Breytingin nær til efnistökusvæðis E122 við Ferjufit (L238022). Svæðið stækkar og heimiluð efnistaka eykst úr 10.000 m<sup>3</sup> í allt að 120.000 m<sup>3</sup>.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við breytingar á aðalskipulagi Rangárþings Ytra 2016-2028. Breytingin nær til efnistökusvæðis E122 við Ferjufit (L238022). Svæðið stækkar og heimiluð efnistaka eykst úr 10.000 m<sup>3</sup> í allt að 120.000 m<sup>3</sup>.*

*Mál nr. 22. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 26-244 - 2602001F*

### 3. Fundargerð 321. fundar skipulagsnefndar UTU - 2603023

Lögð fram fundargerð 321. fundar skipulagsnefndar UTU, ásamt fundargerð 245. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including the number 309.

*Til kynningar.*

**4. Fundargerð 47. fundar stjórnar Odda bs. - 2603013**

Lögð fram fundargerð 47. fundar stjórnar Odda bs.

*Til kynningar*

**5. Fundargerð 97. Stjórnarfundar í félags- og skólalþjónustu. - 2603010**

Lögð fram fundargerð 97. stjórnarfundar í Félags- og skólalþjónustu.

*Til kynningar.*

**6. Fundargerð 252. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2603009**

Lögð fram fundargerð 252. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, ásamt fylgigögnum.

*Til kynningar*

**7. Fundargerð 633. fundar stjórnar SASS - 2603001**

Lögð fram fundargerð 633. fundar stjórnar SASS.

*Til kynningar.*

**8. Fundargerð 88. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2603006**

Fundargerð 88. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga lögð fram.

*Til kynningar*

**9. Fundargerð 89. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2603007**

Fundargerð 89. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga lögð fram.

*Til kynningar*

**10. Fundargerð 993. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2603003**

Lögð fram fundargerð 993. fundar stjórnar Sambands Íslenskra Sveitarfélaga.

*Til kynningar.*

**11. Fundargerð 994. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2603016**

Fundargerð 994. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Til kynningar.*

**12. Ársreikningur Ásaljóss fyrir rekstrarárið 2025 - 2603024**

Lagður fram ársreikningur Ásaljóss 2024, til samþykktar hjá hreppsnefnd Ásahrepps.

*Sveitarstjóri fór yfir ársreikning og skýrði ýmsa liði. Einnig lagt fram staðfestingarbréf stjórnenda sem sveitarstjóri undirritar.*

*Helstu lykiltölur ársreiknings eru (í þús. kr.):*

*Rekstrartekjur: 8.342*

*Rekstrargjöld: 2.409*

*Afskriftir: -3.811*

Fjármagnstekjur: 12  
Rekstrarniðurstaða jákvæð: 2.134

Eignir samtals: 76.491  
Eigið fé: 75.683  
Skammtímaskuldir: 808  
Skuldir og eigið fé: 76.491

Handbært fé í árslok: 13.456

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi ársreikning Ásaljóss fyrir rekstrarárið 2025 og áritar hann ásamt sveitarstjóra.

### 13. Skilgreining landeignarinnar Safamýrar - 2603022

Lagt fram bréf Landnota, dags. 6. mars 2026, þar sem rakin er lausn á skráningu landspildna í Safamýri. Lausnin felst í að Safamýri innan Ásahrepps verði skilgreind sem upprunaland sem allar aðrar spildur yrði síðan skipt út úr. Til að það sé hægt þarf að afmarka landsvæðið í heild sinni og vinna merkjalýsingu fyrir það. Óskað er eftir að Ásahreppur taki að sér að vera vekkaupi vegna merkjalýsingarvinnuna þar sem Safamýri liggur innan Ásahrepps. Kostnaður við verkið er áætlaður 800 þús.kr til 1,2 mkr fyrir utan VSK.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða tillögu Landnota að lausn málsins.

### 14. Útivistarstígar í Ásahreppi - 2504018

Valtýr gerði grein fyrir samtali sínu við Óskar Sigurðsson lögmann varðandi fyrirkomulag við samningsgerð við landeigendur um vegstæði fyrir útivistarstíga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að setja upp í samráði við lögmann drög að samkomulagi við landeigendur, um legu vegstæðis fyrir útivistarstíga og hvernig þeir verða færðir inn í skipulag.

Þráinn Ingólfsson vikur af fundi

### 15. Styrkveiting til lagningar útivistarstíga í Ásahreppi - 2510003

Lagt fram tölvuskeyti Sigurðar Rúnars Sigurðssonar, dags. 12. mars 2026, þar sem hann óskar eftir frestun verkefnisins um lagningu útivistarstígs með Bugavegi. Hreppsnefnd hafði gefið vilyrði fyrir fjárframlagi til verksins á síðast ári en ekki tókst að halda tímaáætlun. Sigurður Rúnar sendir þessa beiðni fyrir hönd umsækjenda. Skv. verklagsreglum er hreppsnefnd heimilt að fresta slíkum verkefnum og flytja til fjárframlag milli ára ef lögmætar ástæður liggja fyrir.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að færa verkefnið yfir á árið 2026.

### 16. Grunnssamkomulag um afnotarétt í þjóðlendu vegna skálasvæðisins í Nýjadal - 2603020

Lagt fram grunnssamkomulag um afnotarétt í þjóðlendu er varðar lóðarréttindi fyrir lóðirnar Nýjadalur S1 og Nýjadalur S2 á Holtamannaafretti.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða grunnssamkomulagið fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita samkomulagið fyrir hönd Ásahrepps og láta þinglýsa því.

Jafnframt felur sveitarstjórn sveitarstjóra og skrifstofustjóra að undirbúa auglýsingu þessara lóða á almennum markaðið eins og fram kemur í 7. greins samkomulagsins í samstarfi við forsætisráðuneytið.

### 17. Drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja -

## 2603005

Drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati, sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda. Einnig lögð fram umsögn Ásahrepps sem send hafði verið út til hreppsnefndar til samþykktar 5. mars s.l.

*Hreppsnefnd staðfestir samþykki sitt fyrir innsendri umsögn Ásahrepps um frumvarpsdrögin.*

## 18. Árbakkinn - sólstöðuhátíð, beiðni um stuðning. - 2603014

Lögð fyrir beiðni frá Bjarka Eiríkssyni um stuðning við fyrirhugaða hátíð, Árbakkann-sólstöðuhátíð 2026.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja hátíðina um 100 þúsund krónur.*

## 19. Rangárþing ytra, uppfærsla á borð- og þjónustukortum, boð um þátttöku - 2603015

Rangárþing ytra vinnur í uppfærslu á borð- og þjónustukortum sínum og vill athuga hvort Ásahreppur óski eftir að taka þátt í verkefninu og skrá sína þjónustu og fyrirtæki þar inn.

*Hreppsnefnd Ásahrepps tekur jákvætt í erindið og óskar eftir frekari upplýsingum um kostnað og tímaramma.*

## 20. Síðari umræða um breytingar á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands - 2603004

Tillaga aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands, dags. 16. janúar 2026, um breytingu á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands bs er tekin til síðari og lokaumræðu í hreppsnefnd Ásahrepps. Fyrri umræða átti sér stað á 49. fundi hreppsnefndar Ásahrepps þann 18. febrúar 2026, 6. dagskrárliður.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi breytingu á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands bs fyrir sitt leyti.*

## 21. Landsvirkjun. Vinnustofa vegna flutninga á vindmyllum fyrir Vaðölduver. - 2603017

Landsvirkjun sendir boð um vinnufund 25. mars næstkomandi, þar sem farið yrði yfir stöðu framkvæmda, undirbúning og framkvæmd flutninga á búnaði, auk samskiptaáætlunar vegna Vaðölduvers.

*Hreppsnefnd Ásahrepps stefnir að því að fjórir fulltrúar mæti á fundinn.*

## 22. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram málaflökkayfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps fyrir tímabilið janúar - febrúar 2026.

*Til kynningar.*

## 23. Skýrsla Æskulýðsnefndar Geysis fyrir árið 2025, - 2603012

Lögð fram skýrsla Æskulýðsnefndar Geysis fyrir árið 2025.

*Til kynningar.*

## 24. Hreysiskvísl - neyðarskýli - 2603018

Póstur frá Dagrenningu á Hvolsvelli þar sem vakin er athygli á björgun tveggja einstaklinga við Hreysiskvísl 3. mars s.l. þar sem björgunarskýlið Hreysið gengdi lykhlutverki. Farið yfir forstögu neyðarskýlisins og nýlega endurbyggingu þess og þakkað fyrir aðstoð við það verk.

*Til kynningar.*

**25. Ársfundur Heilbrigðisstofunar Suðurlands 2026 - 2603021**

Heilbrigðisstofnun Suðurlands boðar til ársfundar 2026.


*Til kynningar.*

**26. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018**

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 15. apríl 2026 á skrifstofu sveitarfélagsins. Fundur hefst klukkan 8:30.

*Til kynningar.*

Fundi slitið kl. 11:30.


  
Ísleifur Jónasson

  
Nanna Jónsdóttir

Práinn Ingólfsson

  
Helga Björg Helgadóttir

  
Kristín Hreinsdóttir

  
Valtýr Valtýsson

  
Guðmundur Einarsson